

Skipulagsfulltrúi uppsveita Árnессýslu
b/t Rúnar Guðmundsson
Dalbraut 12
840 Laugarvatn

Reykjavík 16. apríl 2019
UST201903-261/A.B.
10.04.03

Efni: Lýsing - Deiliskipulag - Árbúðir- Hálendismiðstöð - Bláskógabyggð

Vísað er til erindis skipulags- og byggingarfulltrúa Bláskógabyggðar er barst 26. mars sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um lýsingu að tillögu að deiliskipulagi fyrir hálendismiðstöðina Árbúðir í Bláskógabyggð.

Í greinargerð kemur fram að í hálendismiðstöðinni Árbúðir, sem er staðsett við Kjalveg (nr. AF31) sé gert er ráð fyrir veitinga- og gististað, ásamt þjónustu við göngu- og hestahópa. Í dag er gisting fyrir 30 manns, en tillagan gerir ráð fyrir fjölgun gistirúma fyrir allt að 70 gesti. Einnig gerir tillagan ráð fyrir stækkun núverandi skála og/eða byggingu tveggja til þriggja nýrra húsa þar sem stærð hvers húss/viðbyggingar við núverandi skála verði allt að 100 m². Heildar byggingarmagn í tillöggunni er allt að 700 m².

Umhverfisvernd

Mikilvægt er að mati Umhverfisstofnunar að byggja upp innviði svæðisins og setja umgengisreglur til að tryggja að verndargildi svæðisins rýrni ekki t.d. með afmörkun bílastæða og hestagerða.

Umhverfisstofnun telur mikilvægt að í tillöggunni sé gert ráð fyrir að umferð ferðamanna á svæðinu sé stýrt til að koma í veg fyrir rask og draga úr ágangi á viðkvæma náttúru á svæðinu og í næsta nágrenni.

Mat á umhverfisáhrifum

Umhverfisstofnun bendir á að tillagan fellur mögulega undir lið 12.05 í 1. viðauka laga nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum, en þar segir að þjónustumiðstöðvar fyrir ferðamenn á hálendi og á verndarsvæðum á láglendi utan þéttbýlis, orlofsþorp, hótel og tengdar framkvæmdir utan þéttbýlis falla undir B flokk framkvæmda sem kunna að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif.

Umhverfisstofnun bendir framkvæmdaaðila á að hafa samband við Skipulagsstofnun til að fá úr því skorðið hvort tillagan falli undir ofangreindan lið.

Umhverfisskýrsla

Að mati Umhverfisstofnunar er umhverfisskýrsla tillögunnar eins og hún er kynnt í lýsingu vera til fyrirmynadar.

Stofnunin telur ofangreinda lýsingu gera fullnægjandi grein fyrir þeim þáttum sem þörf er á og í því umfangi sem tillagan gefur tilefni til.



Axel Benediktsson
Sérfræðingur

Virðingarfyllst



Rakel Kristjánsdóttir
Sérfræðingur